



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgrata 7

101 Reykjavík

Hólmavík 22.3.2024

Efni: Svar til innviðaráðuneytis – sértækur byggðakvóti, fundarboðun

Með vísan í bréf ráðuneytisins frá 21. mars 2024, málsnúmer IRN24030139, fylgja hér umbeðin svör frá meirihluta sveitarstjórnar Strandabyggðar.

Spurningar ráðuneytisins eru hafðar á undan svari sveitarstjórnar:

1. Á grundvelli hvaða lagasjónarmiða telur sveitarfélagið að það samræmist 15. gr. sveitarstjórnarlaga, að senda kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins ekki boð á aukafund sveitarstjórnar?

Svar: Það er óumdeilt að það er sveitarstjórn sem ákvarðar um vanhæfi. Þar nægir að vísa í 7. mgr 25 gr sveitarstjórnarlaga, en einnig má vísa á álit innviðaráðuneytis frá 2014, þar sem segir m.a:

"Þá hefur sá sem boðar til sveitarstjórnarfundar ekki heimild til þess að boða að eigin frumkvæði varamann í stað aðalmanns, þó hann telji aðalmanninn vanhæfan til meðferðar og afgreiðslu mála, enda er það sveitarstjórnin sjálf sem tekur ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmannsins, sbr. 7. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Um þetta segir í greinargerð frumvarpsins:

Ákvörðunarvald um það hvort sveitarstjórnarmaður er vanhæfur hvílir því hjá sveitarstjórninni en ekki einstökum sveitarstjórnarmönnum, oddvita eða sveitarstjóra. Liggi ákvörðun sveitarstjórnar um hæfi sveitarstjórnarmanns ekki fyrir leiðir enn fremur af þessu að hann skal boða til sveitarstjórnarfundar, jafnvel þótt næsta víst þyki að sveitarstjórn muni ákvarða hann vanhæfan til meðferðar og afgreiðslu máls."

Það var einmitt það sem gert var í þessu tilviki, en þeim er lagði fram umrædda kvörtun hefur sjálfsgagt láðst að nefna. Þann 21. febrúar sl. var haldinn vinnufundur sveitarstjórnar. Var umræða helstu mála færð í fundargerð (sjá viðhengi) sem síðan var rædd á formlegum sveitarstjórnarfundum þann 12. mars sl. Á þessum vinnufundi, þar sem öll sveitarstjórn var samankomin, var rætt um eftirfarandi tengsl kjörinna fulltrúa við aðila máls og vanhæfi af þeim sökum:

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

1. Matthías Sævar Lýðsson telst að eigin sögn vanhæfur vegna a), eignatengsla í Fiskvinnslunni Drangi ehf, sem er umsækjandi um tilgreindan byggðakvóta og b) persónulegra tengsla við Pétur Matthíasson (sonur) sem er annar aðaleigenda Vissu útgerðar ehf, sem leiðir einn hóp umsækjenda

2. Hlíf Hrólfsdóttir telst að eigin sögn vanhæf, vegna persónulegra tengsla við Pál Áskelsson, (eiginmaður) sem er hluti af umsækjendahópi með Vissu útgerð ehf.

Bæði staðfestu þau á umræddum vinnufundi sveitarstjórnar, að þau væru vanhæf og sögðust myndu kalla til, Guðfinnu Láru Hávarðardóttur og Ragnheiði Ingimundardóttur, í þeirra stað.

Oddviti mat það því svo, að sveitarstjórn hefði þarna rætt vanhæfi einstaka fulltrúa og þeir sjálfir lýst sig vanhæfa. Því lægi beinast við að boða aðeins þá sem gætu setið fundinn sem hæfir fulltrúar, þar með talda þá varamenn sem þau Matthías Sævar Lýðsson og Hlíf Hrólfsdóttir, tilgreindu sjálf.

Annað sjónarmið réði því líka að fundarboð og fundargögn voru ekki send á alla fulltrúa, en það er eðli máls og það hversu miklir hagsmunir eru hér í húfi. Byggðastofnun óskaði þess í bréfi sínu til sveitarfélagsins, að, eins og segir í bréfinu: „*afgreiðsla sveitarfélagsins og innihald bréfs þessa verði ekki birt fyrr en stjórn byggðastofnunar hefur tekið ákvörðun í málinu*“, sem er þann 27. mars n.k.

Að mati oddvita hefði það verið að fara á skjön við þessa beiðni Byggðastofnunar, að afhenda Matthíasti Sævari Lýðssyni sem hafði þá þegar lýst sig vanhæfan af augljósum ástæðum, sem og Hlíf Hrólfsdóttur, sem einnig hafði lýst sig vanhæfa, þessi gögn, því í þeim kemur fram sú niðurstaða sem aflamarksnefnd stofnunarinnar kemst að varðandi það hver umsækjenda ætti að fá umræddan 500 tonna kvóta.

Það er að mati oddvita ljóst, að með framferði sínu og meintri kvörtun til ráðuneytisins, hafa þau Matthías Sævar Lýðsson og Hlíf Hrólfsdóttir, sín eigin orð að engu, og freistast þess að komast yfir gögnin þó þau viti að þau séu vanhæf til að fjalla um þau á fundi sveitarstjórnar. Þetta er ámælisverð stjórnarsýsla af þeirra hálfu að mati oddvita, en því miður ekki nýnæmi.

2. Á grundvelli hvaða lagasjónarmiða telur sveitarfélagið að það samræmist 16. gr. sveitarstjórnarlaga að tilkynna í auglýsingu um fund sveitarstjórnar, sem birt var á vefsíðu sveitarfélagsins þann 20. mars sl., að fundur sveitarstjórnar sé lokaður þegar ákvæðið kveður á um að sveitarstjórn taki ákvörðun um hvort einstök mál skuli vera rædd fyrir luktum dyrum?

Svar: Á dagskrá fundarins var eitt mál, umsögn sveitarstjórnar vegna niðurstöðu aflamarksnefndar varðandi úthlutun Byggðastofnunar á sértækum byggðakvóta til sveitarfélagsins. Það hefur tíðkast í Strandabyggð, að trúnaðarmál eru tilkynnt sem slík í fundarboði og ef aðeins eitt mál er á dagskrá, sem jafnframt er trúnaðarmál, er fundurinn lokaður. Komi trúnaðarmál fyrir inni í dagskrá, er fundurinn einnig lokaður á meðan umræða um það fer fram. Í ljósi eðli máls og óska Byggðastofnunar um trúnað, var fundurinn boðaður sem lokaður og trúnaðarmál.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

3. Á grundvelli hvaða lagasjónarmiða telur sveitarfélagið að ákvörðun um hæfi aðalmanna minnihluta sveitarstjórnar, sem virðist hafa verið tekin í tengslum við boðun fundar sveitarstjórnar þann 21. mars, samræmist 7. mgr. 25. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður m.a. á um að sveitarstjórn taki hæfi sveitarstjórnarmanns til meðferðar og að sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli megi taka þátt í afgreiðslu um hæfi sitt?

Svar: Hér er vísað í svar við spurninu nr. 1, en þar er byggt á því að sveitarstjórn hafði, á vinnufundi, rætt hæfi til aðkomu að afgreiðslu málsins og þar höfðu tveir fulltrúar, Matthías Sævar Lýðsson og Hlíf Hrólfsdóttir, sjálf lýst sig vanhæf.

Í lok bréfs ráðuneytisins segir:

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt á netfangið irn@irn.is, eigi síðar en kl. 12.00, föstudaginn 22. mars nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga og eftir atvikum öðrum ákvæðum XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Ráðuneytið telur ástæðu til að áréttu að ákvarðanir sem teknar eru á sveitarstjórnarfundi sem ekki er boðað til í samræmi við sveitarstjórnarlög, teljast ólögmætar.

Ákveði sveitarfélagið að boða til nýs fundar sveitarstjórnar er nægilegt að upplýsa ráðuneytið þar um.

Svar: Varðandi síðustu setninguna í bréfi ráðuneytisins, tilkynnist hér með að fundi hefur verið frestað. Nýr fundur verður boðaður með sólarhrings fyrirvara, sbr samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar, III kafla, 9 gr. <http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/tilkynningar/skra/707/>

Verða þar allir aðalmenn boðaðir, þeim send umrædd gögn, þeir hvattir til að virða trúnað við Byggðastofnun og síðan mun sveitarstjórn, væntanlega ræða öðru sinni, hæfi aðalmanna til að koma að afgreiðslu málsins, í ljósi augljósra eigna- og persónutengsla þeirra Matthíasar Sævars Lýðssonar og Hlífar Hrólfsdóttur við tvo af þremur umsækjendum, sem Byggðastofnun leggur mat á.

Hólmavík 22.3.2024

Porgeir Pálsson

oddviti

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS